



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Svar SFS við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um húsnæði Fellaskóla og bruna í Seljaskóla - R19050108***

Á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins eftirfarandi fyrirspurn um húsnæði Fellaskóla og bruna í Seljaskóla.

Það er almennt til háborinnar skammar hversu lengi skólabyggingar hafa fengið að drabbast niður í Reykjavík. Seljaskóli er þar engin undantekning. Vandamálin er víðtæk og öll má rekja til vanrækslu á viðhaldi þessa og síðasta meirihluta í borginni. Það hefur "brunnið" mest á Seljaskóla í heil 15 ár frá skýrslunni 2004 og svo eftir brunann. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill spyrja borgaryfirvöld eftirfarandi spurninga: 1. Fær skólinn bætt þá innanstokksmuni sem skemmdust í brunanum, bækur, tölvur o.s.frv. 2. Verða húsgögn og búnaður almennt uppfærð? 3. Verður smíðastofan áfram í bráðabirgðahúsnæðinu sem hún fór í fyrir 20 árum? Og með búnaði í Miðbæjarskólanum frá 1950? 4. Verður húsnæði skólans áfram sprungið þar sem enn er ekki búið að klára málin gagnvart teikningunni sem fór af stað eftir ofangreinda skýrslu? 5. Hvenær verður hætt að kenna í 60-70 manna bekkjum? Allt þetta er óboðlegt fyrir nemendur sem og kennara - alltof stórar einingar. Óskað er skýrra svara við þessum spurningum hið fyrsta.

**Svar:**

1. Reynt var eftir bestu getu að bæta það sem skemmdist í brunanum.
2. Húsgögn og búnaður var uppfærður í húsinu sem brann auk þess sem rými voru endurhönnuð í takt við nútíma.
3. Enn er unnið að varanlegri framtíðarlausn húsnæðis smíðastofu og því er aðstaðan enn í bráðabirgðahúsnæði sem er ófullnægjandi og enn eru sömu húsgögn í smíðastofunni.
4. Verið er að skoða með hvaða hætti húsnæðismál Seljaskóla verður leyst. Starfshópur skipaður fulltrúum frá SFS, frumathugunum USK, skólastjóra Seljaskóla og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs hefur skilað skýrslu til sviðsstjóra um tillögur um húsnæðismál skóla- og frístundastarfs í Seljaskóla, frístundaheimilinu Vinaseli (staðsett í Kleifarseli), safnfrístundaheimilinu Regnboganum (staðsett í Hólmaseli) og félagsmiðstöðinni Hólmaseli (einnig staðsett í Hólmaseli). Þar eru settar fram sviðsmyndir sem taka þarf afstöðu til.

5. Verið er að leita lausna á framtíðarskipulagi í Seljaskóla og er skýrsla starfshóps liður í því.

Virðingarfyllst

INGIBJÖRG M. GUNNLAUGSD.

F.h. sviðsstjóra skóla- og frítundasviðs  
Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir  
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála